



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogi
ssh@ssh.is

Reykjavík, 28. janúar 2020

Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um drög að sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020–2024.

Hinn 14. janúar sl. birti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið drög að sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Áætlunardrögin hafa verið yfirfarin á vettvangi SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar. Af því tilefni telja samtökin rétt að koma að nokkrum athugasemdum.

Um sóknaráætlunir landshluta fer samkvæmt lögum nr. 69/2015, um byggðaáætlun og sóknaráætlunir. Sóknaráætlunir landshluta eru stefnumótandi áætlunir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í 2. málsli. téðrar 1. mgr. lagagreinarinnar er tekið fram að í sóknaráætlunum skuli m.a. koma fram stöðumat viðkomandi landshluta en einnig framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Af ákvæðum laganna og lögskýringargögnum er auðsætt að raunhæft stöðumat hlýtur að teljast grundvallaratriði við gerð sóknaráætlana. Án slíks mats er hvorki hægt að ætla að höfundum sóknaráætlunar takist að skilgreina raunhæfa framtíðarsýn né setja haldbær markmið sem að henni stefna. Ef framtíðarsýnin byggist ekki á raunhæfu mati á stöðu landshlutans er hætt við að markmið og aðgerðir verði ekki markhæf, þ.e. til þess bær að framtíðarsýnin raungerist. Af framangreindu leiðir að það sé frumforsenda þess að vel takist til við setningu sóknaráætlunar að raunhæft og vandað stöðumat liggi fyrir.

Í opinberum gögnum liggur fyrir að ferðaþjónustan er mikilvægasti atvinnuvegur Íslands um þessar mundir. Ferðaþjónustan hefur þannig ekki aðeins staðið undir jákvæðum viðskiptajöfnuði þrátt fyrir neikvæðan vöruskiptajöfnuð að undanfögnu heldur skapar hún afar mikla eftirspurn eftir vinnuafli. Bæði ferðaþjónustan sjálf og hið opinbera hafa sett markið á að auka verðmæti ferðaþjónustu og tryggja með því sjálfbærni hennar til lengri tíma litið. Að ákveðnu leyti stöndum við á tímamótum, ekki aðeins vegna samdráttar í ferðaþjónustu og atvinnulífínu öllu heldur einnig í ljósi þess að ferðaþjónustufyrirtæki horfa nú inn á við og leita leiða til að hámarka rekstrarhagkvæmni og virði þjónustunnar. Ætla verður að vinna að sóknaráætlun verði m.a. að byggjast á þekkingu á stöðu ferðaþjónustunnar eins og annarra mikilvægra atvinnugreina.

Samkvæmt 3. leiðarljósi á bls. 8 í áætlunardrögum er stefnt að því að auka alþjóðlega samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins með því að tryggja að svæðið bjóði m.a. upp á eftirsóknarvert umhverfi fyrir fyrirtæki og fjárfestingar með kjörnum með og nútíma samgöngum sem skapi möguleika á spennandi uppbyggingu fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi um alla borgarbyggðina. Meðal áherslna málaflokksins *velferð og samfélag* er að koma upp mælaborði sem sýni alþjóðlega samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins. Það verður að segjast eins og er að stöðumat áætlunardraganna er í skötulíki þegar að atvinnulífinu kemur. Ekki verður betur séð að ef frá eru taldar upplýsingar um atvinnuþátttöku og atvinnuleysi sé umfjöllunin þunn og það hefur vakið töluverða furðu á vettvangi SAF. Í stöðumatinu er t.d. engum orðum eytt í þróun atvinnulífs á svæðinu undanfarin ár, hvorki almennt né í einstökum tilvikum. Þar með er ekki sjá að yfirsýn hafi verið tryggð og lesandinn fær enga innsýn í hvernig stöðumatið hefur verið lagt til grundvallar við mótun framtíðarsýnar landshlutans. Verulega er því hætt við að þeim sem unnu sóknaráætlunina og þeim sem vinna eiga samkvæmt sóknaráætluninni sé ekki tryggð nægileg sýn á upphafsstöðuna. Það getur dregið úr tilfinningu fyrir því hvernig eigi að skilgreina endamarkið sem aftur skapar hættu á að mælikvarðar verði ekki þess bærir að skila landshlutanum í átt til framtíðarsýnarinnar.

Að mati SAF ætti vinna við sóknaráætlun landshluta að skapa atvinnusvæðum kjörið tækifæri til að þess að stilla saman strengi sína og móta sameiginlegar áherslur. Í því samhengi hafa SAF t.a.m. gagnrýnt nýleg drög að ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar, í þeim var ekki tekið nægilegt mið af tækifærum höfuðborgarsvæðisins sem heildar. SAF vilja nota tækifærið og hvetja Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að tryggja að raunhæft stöðumat á atvinnulífi innan svæðisins liggja fyrir áður en lögð verður lokahönd á sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020–2024.

Virðingarfyllt,
F.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri